



LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA
REYKJAVÍKURBORGAR

Alþingi
Erindi nr. P 127/2230
komudagur 31.5.2002

Reykjavík 24. maí 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík

Varðar: Pskj. 283 - 247. mál.

Með bréfi Heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis frá 13. þ.m. er óskað umsagnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010 á eftirlauna - og lífeyrismál og á heilbrigðiskerfið.

Með lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða var sjóðnum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum og kemur því að því að starfsemi sjóðsins lýkur þegar síðasti lífeyrisþegi fellur frá. Þingsályktunar tillagan er því ef til vill ekki alveg eins áhugaverð fyrir sjóðinn og ef honum hefði ekki verið lokað. Málið er hins vegar mjög áhugavert og getur sjóðurinn stutt það að tillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Jón G. Kristjánsson